

**Stefnir – Sjálfbærar Norðurslóðir hs.**  
Útboðslýsing

Stefnir hf.  
20. janúar 2025

**EFNISYFIRLIT**

|                                                    |    |
|----------------------------------------------------|----|
| Yfirlýsing .....                                   | 3  |
| Yfirlýsing rekstrarfélags .....                    | 3  |
| Helstu atriði úr útboðslýsingu .....               | 4  |
| UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN .....                       | 5  |
| Starfsemi .....                                    | 5  |
| Rekstrarfélagið .....                              | 5  |
| Vörsluaðili .....                                  | 6  |
| Söluaðili .....                                    | 7  |
| Endurskoðandi .....                                | 7  |
| Áhætta .....                                       | 7  |
| Almennt .....                                      | 7  |
| Áhættuflokkun .....                                | 8  |
| Áhætta tengd fjármálagerningum .....               | 8  |
| Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum ..... | 8  |
| Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina .....        | 9  |
| Kaup og sala hlutdeildarskírteina .....            | 10 |
| Sölugengi .....                                    | 10 |
| Ársreikningur og hálfársuppgjör .....              | 11 |
| Skattamál .....                                    | 11 |
| Rekstrarkostnaður .....                            | 11 |
| Útvistun verkefna .....                            | 11 |
| Fylgigögn .....                                    | 13 |
| Viðauki I: Reglur fyrir nafn verðbréfasjóðs .....  | 13 |
| Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði .....               | 18 |

**YFIRLÝSING*****Yfirlýsing rekstrarfélags***

Útboðslýsing þessi er gerð til að koma á framfæri upplýsingum sem fjárfestum eru nauðsynlegar til þess að geta myndað sér skoðun á fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum Stefnir-Sjálfbærar Norðurslóðir hs.

Sjóðurinn er rekinn af Stefni hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.

Stefnir hf. lýsir því hér með yfir, að útboðslýsing þessi er gerð eftir bestu vitund, í fullu samræmi við staðreyndir og að engu mikilvægu atriði sé sleppt er gæti haft áhrif á mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsins.

Reykjavík, 20. janúar 2025.

---

Jón Finnbogason,  
framkvæmdastjóri

**HELSTU ATRIÐI ÚR ÚTBOÐSLÝSINGU**

|                           |                                                                                                                                                                                                                                                                                       |
|---------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Almennt</b>            | Sjóðurinn er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Verðbréfasjóðir hafa takmarkaðri fjárfestingarheimildir en sérhæfðir sjóðir. Fjárfestingarheimildir sjóðsins koma fram undir fjárfestingarstefnuhluta útboðslýsingarinnar. Kennitala sjóðsins er 510422-9880. |
| <b>Grunnmynt</b>          | Grunnmynt sjóðsins er evrur (EUR).                                                                                                                                                                                                                                                    |
| <b>Starfsemi</b>          | Starfsemi verðbréfasjóða takmarkast við að veita viðtöku fé frá fjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í innlánnum og fjármálagerningum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt fyrir fram kunngerðri fjárfestingarstefnu.                                                        |
| <b>Rekstrarfélag</b>      | Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.                                                                                                                                                                                                                           |
| <b>Vörsluaðili</b>        | Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.                                                                                                                                                                                                                       |
| <b>Söluaðili</b>          | Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík.                                                                                                                                                                                                                       |
| <b>Kaup- og sölugengi</b> | Gengi hlutdeildarskírteina sjóðsins mun breytast á sölutímabilinu í samræmi við breytingar á gengi verðbréfa og annarra fjármálagerninga sem sjóðurinn á hverju sinni.                                                                                                                |
| <b>Innlausnartími</b>     | Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir á innlausnardegi ef umsóknir berast fyrir kl. 14:30 hvern virkan dag, sem jafnframt er opnunardagur Arion banka hf. Uppgjörstími sjóðsins er T+2.                                            |
| <b>Arðgreiðslur</b>       | Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Afborgunum, vöxtum og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.                                                                                                                                                       |
| <b>Fjárhæð</b>            | Lágmarksfjárfesting í sjóðnum er 10.000 kr. að söluverði en 5.000 kr. að söluverði í áskrift.                                                                                                                                                                                         |
| <b>Réttindi</b>           | Allir, sem eiga hlutdeildarskírteini að sjóðnum eiga sama rétt til tekna og eigna sjóðsins í hlutfalli við hlutdeild sína.                                                                                                                                                            |

Athygli fjárfesta er vakin á því að öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti. Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

Þá er athygli fjárfesta vakin á því að til þess að Stefnir geti efnt skuldbindingar sínar samkvæmt reglum þessum er nauðsynlegt að safna og vinna með persónuupplýsingar, í samræmi við lög nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og viðeigandi og reglur. Stefnir hefur sett sér persónuverndarstefnu sem aðgengileg er á heimasíðu félagsins, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is).

Hægt er að nálgast þau skjöl sem vitnað er til í útboðslýsingu þessari á starfsstöð Stefnis hf. að Borgartúni 19, á heimasíðu Stefnis og afgreiðslustöðum Arion banka.

## UPPLÝSINGAR UM SJÓÐINN

### *Starfsemi*

Stefnir – Sjálfbærar norðurslóðir hs. er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Sjóðurinn hefur eingöngu heimild til markaðssetningar á Íslandi.

Um verðbréfasjóði gilda önnur lög og aðrar reglur en gilda um sérhæfða sjóði, t.d. varðandi fjárfestingarheimildir og innlausnarskyldu. Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða eru takmarkaðri skv. lögum nr. 116/2021. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér umfjöllun um áhættu og sérstaklega kaflann um fjárfestingarheimildir sjóðsins.

Sjóðurinn var stofnaður 25. apríl 2022 og starfar í einni deild.

Útboðslýsingu þessa, lykilupplýsingar, reglur og reglulegar skýrslur um starfsemi sjóðsins auk upplýsingablaða má fá á skrifstofu Stefnis hf. að Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Þær er einnig hægt að nálgast á heimasíðu Stefnis, [www.stefnir.is](http://www.stefnir.is)

Fyrri útboðslýsing var gefin út 31. júlí 2024. Þessi útboðslýsing er gefin út 20. janúar 2025.

Í samræmi við 56. gr. laga nr. 116/2021 heldur Stefnir hf. efni útboðslýsingar og lykilupplýsinga uppfærðu. Þá birtir rekstrarfélagið upplýsingar um tíu stærstu útgefendur í eignasafni sjóðsins ásamt upplýsingum um hlutfall fjárfestingar í hverjum aðila. Upplýsingar um stærstu útgefendur sjóðsins eru uppfærðar á a.m.k. sex vikna fresti.

Upplýsingar um fyrri árangur og eignasamsetningu sjóðsins er að finna á heimasíðu Stefnis.

### *Rekstrarfélagið*

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík (einnig nefnt „rekstrarfélagið“) er rekstrarfélag sjóðsins í samræmi við lög nr. 116/2021. Stefnir hf. var stofnað þann 26. september 1996. Útgefið hlutafé þess nemur 43,5 millj. kr. og er það allt greitt. Félagið er að fullu í eigu Arion banka hf. (einnig nefndur „Arion banki“ eða „bankinn“) og tengdra aðila. Stefnir hf. rekur fjölmarga sjóði um sameiginlega fjárfestingu, en yfirlit má finna í Viðauka II.

Stefnir hf. er rekstrarfélag ýmissa sjóða á grundvelli heimildar laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði og á grundvelli laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða. Stefnir hefur einnig starfsleyfi til að stunda eignastýringu, fjárfestingarráðgjöf og vörslu og stjórnun fjármálagerna í sameiginlegri fjárfestingu, sbr. 1.-3. tl. 1. mgr. 27. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.

Starfsemi félagsins felst einkum í rekstri sjóða um sameiginlega fjárfestingu og hefur það á að skipa starfsfólki sem hefur sérhæft sig í stjórnun fjárfestingarsamvals sjóða um sameiginlega fjárfestingu og sérgreindra verðbréfasafna fagfjárfesta.

Stjórn Stefnis skipa Sigrún Ragna Ólafsdóttir, formaður, kt. 180863-3629, sjálfstætt starfandi, Hrefna Ösp Sigfinnsdóttir varaformaður, kt. 230969-5239, forstjóri Creditinfo hf. og Guðmundur Jóhann Jónsson, kt. 041159-2439, sjálfstætt starfandi. Framkvæmdastjóri Stefnis er Jón Finnbogason, kt. 040873-3769. Frekari upplýsingar um stjórn og hagsmunatengsl er að finna á heimasíðu Stefnis hf.

Rekstrarfélag skal starfrækja verðbréfasjóð í samræmi við eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti og venjur, þ.m.t. starfa af heiðarleika, fagmennsku og kostgæfni og sanngirni og starfa með hagsmuni verðbréfasjóða sem það rekur, fjárfesta þeirra og heilleika markaða að leiðarljósi, sbr. 1. tl. 1. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2021.

### **Starfskjarastefna**

Félaginu hefur verið sett starfskjarastefna. Meginsjónarmið varðandi kjör starfsmanna Stefnis er að bjóða á hverjum tíma samkeppnishæf laun til þess að Stefnir geti laðað til sín og haldið í framúrskarandi starfsfólki. Jafnframt er markmið Stefnis að tryggja að störf hjá Stefni séu eftirsóknarverð í augum hæfra einstaklinga. Við mörkun starfskjarastefnunnar skal gætt að því að hún stuðli ekki að óeðlilegri áhættutöku, heldur hvetji til þess að langtímasjónarmið séu höfð að leiðarljósi og heilbrigður rekstur Stefnis tryggður. Við starfskjör skal jafnframt horft til fylgni við stefnu félagsins um ábyrgar fjárfestingar og virkt eignarhald samkvæmt reglum um meðferð umboðsatkvæða.

Starfskjarastefnan er liður í að gæta hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa, annarra viðskiptavina, langtímahagsmuna eigenda Stefnis, starfsfólks og annarra hagsmunaaðila með skipulegum og gagnsæjum hætti. Stefnir leitast við að samræma áherslur varðandi starfskjör við stefnu og áherslu Arion banka hf. innan þess sem lög og reglur heimila og að því marki sem samræmist tilgangi félagsins, hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa þess og góðum stjórnarháttum.

Í samræmi við 79. gr. a. laga nr. 2/1995, um hlutafélög og góða stjórnarhætti ber stjórn Stefnis að samþykkja starfskjarastefnu varðandi laun og aðrar greiðslur til framkvæmdastjóra og lykilstarfsmanna, svo og stjórnarmanna þess. Starfskjarastefna Stefnis gildir um alla starfsmenn félagsins. Gildandi starfskjarastefnu má finna í heild sinni á heimasíðu félagsins.]

### **Vörsluaðili**

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf., kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. („Arion banki hf.“ eða „bankinn“). Arion banki er fjármálafyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002 sem veitir alhliða bankþjónustu og starfrækir m.a. fjárfestingarþjónustu skv. lögum nr. 115/2021 um markaði fyrir fjármálagerninga.

Rekstrarfélag hefur útvistað vörslu fjármálagerninga, uppgjóri viðskipta og fleiri verkefnum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar til slíks skv. 22. gr. laga nr. 116/2021. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 116/2021 hefur útivistun verkefna engin áhrif á ábyrgð rekstrarfélags gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina. Stefnir hf. getur einn tekið ákvörðun um að skipta um vörsluaðili sjóðsins og er slík ákvörðun háð samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir „Fjármálaeftirlitið“).

Lögbundið hlutverk vörsluaðila skv. 45. gr. laga nr. 116/2021 er m.a. að vakta sjóðstreymi sjóðs og tryggja að allir fjármunir séu móttæknir og lagðir inn á reikninga sjóðsins. Þá skal vörsluaðili varðveita alla fjármálagerninga sjóðs, tryggja aðgreiningu á varðveislu fjármálagerninga sjóðsins frá öðrum og að vörslureikningar séu í nafni sjóðsins, eða rekstrarfélags sjóðsins, svo að ávallt sé unnt að auðkenna að fjármálagerningar tilheyri sjóðnum, sbr. 46. gr. laga nr. 116/2021. Enn fremur skal vörsluaðili tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn, ógilding hlutdeildarskírteina og útreikningur á virði hlutdeildarskírteina sé samkvæmt lögum, stjórnvaldsfyrirmælum og reglum sjóðs. Aukinheldur ber vörsluaðila að framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög, stjórnvaldsfyrirmæli eða reglur sjóðsins, tryggja að í viðskiptum með eignir sjóðsins sé endurgjald fyrir þær greitt innan eðlilegra tímamarka og að tekjur sjóðs séu notaðar í samræmi við lög og reglur sjóðsins, sbr. 47. gr. laga nr. 116/2021.

Vörsluaðili ber ábyrgð gagnvart verðbréfasjóði og fjárfestum hans á því þegar fjármálagerningur í vörslu hans eða útivistunaraðila hans glatast. Vörsluaðili ber þó ekki ábyrgð skv. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 116/2021 ef hann getur sýnt fram á að fjármálagerningur hafi glatast vegna utanaðkomandi atviks sem ekki er með sanngirni hægt að ætlast til að vörsluaðili hafi getað haft stjórn á og afleiðingar atviksins voru óhjákvæmilegar þótt vörsluaðili hefði gripið til þeirra ráðstafana sem með sanngirni hefði mátt ætlast til af honum, sbr. 2. mgr. 51. gr. laga nr. 116/2021.

Þá ber vörsluaðili ábyrgð á öðru tjóni en skv. 1. mgr. 51. gr. laga nr. 116/2021 sem hann af ásetningi eða af gáleysi veldur verðbréfasjóði eða fjárfestum hans við framfylgd verkefna sinna, sbr. 3. mgr. 51. gr. laga nr. 116/2021.

Samkvæmt 50. gr. laga nr. 116/2021 skal vörsluaðili sinna hlutverki sínu af heiðarleika, sanngirni, fagmennsku og óhæði og standa vörð um hagsmuni verðbréfasjóðs og fjárfesta hans.

Vörsluaðila er óheimilt að sinna verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum á milli hans, verðbréfasjóðs, fjárfesta eða rekstrarfélags nema vörsluaðili hafi með tilhlýðilegum hætti aðskilið framkvæmd og ábyrgð vörsluverkefna sinna frá öðrum verkefnum sem kunna að valda hagsmunaárekstrum og að þeir mögulegu hagsmunaárekstrar séu greindir og vaktaðir og fjárfestar upplýstir um þá. Stefnir hefur sett stefnu um hagsmunaárekstra. Ekki er hægt að útiloka að hagsmunaárekstrar geti komið upp við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefnir hefur sett upp stýringar til þess að takmarka hagsmunaárekstra eftir bestu getu hverju sinni. Með vísan til framangreinds er því dregið verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu og virku eftirliti. Ef upp koma hagsmunaárekstrar grípur Stefnir til viðeigandi ráðstafana og skráir þá jafnframt á þar til gert yfirlit.

### **Söluaðili**

Stefnir hefur útvistað að hluta markaðssetningu og þjónustu við viðskiptavinum til Arion banka hf. á grundvelli heimildar 22. gr. laganna. Bankinn annast þjónustu við þá sem vilja fjárfesta í sjóðnum eða óska eftir upplýsingum í tengslum við fyrirhugaða fjárfestingu í sjóðnum og annast milligöngu um útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina.

### **Endurskoðandi**

Endurskoðandi sjóðsins og rekstrarfélagsins er Deloitte ehf., kt 521098-2449, Smáratorgi 3, 201 Kópavogi. Fyrir hönd Deloitte ehf. fer Gunnar Þorvarðarson, kt. 2410824239, löggiltir endurskoðandi með endurskoðun sjóðsins.

### **Áhætta**

#### **Almennt**

Sjóðurinn er ætlaður almenningi sem og fagfjárfestum, s.s. lífeyrissjóðum og fyrirtækjum, sem velja sér fjárfestingakosti sem fela í sér sjóði um sameiginlega fjárfestingu í rekstri og umsjón fagaðila skv. lögum og eftirliti sem um slíkan sjóð gildir á hverjum tíma. Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði öruggari en þegar keypt eru einstök verðbréf þar sem sjóðir dreifa áhættu fjárfesta með kaupum á fleiri en einum flokki verðbréfa.

Sjóðurinn getur sveiflast töluvert samkvæmt aðferðafræði við útreikning áhættuflokkunar. Samsetning eignasafns og undirliggjandi áhættur sem m.a. eru áhættur tengdar fjármálagerningum og tilgreindar eru í útboðslýsingu og lykilupplýsingum þessa sjóðs.

Öll viðskipti með fjármálagerninga, þ.m.t. hlutdeildarskírteini sjóðsins, eru áhættusöm. Ávöxtun hlutdeildarskírteina sjóðsins kann að sveiflast mjög frá einum tíma til annars. Þá getur verðmæti hlutdeildarskírteina rýrnað og fjárfestar tapað fjárfestingu sinni að hluta eða öllu leyti.

#### *Áhættuflokkun*

Stefnir hefur skipt sjóðum í rekstri félagsins í sjö flokka eftir staðalfráviki vikulegrar ávöxtunar sl. 5 ára. Flokkur 1 ber minnstu sveiflurnar í ávöxtun en flokkur 7 mestu sveiflurnar. Flokkun sjóðs getur breyst ef sveiflur undirliggjandi fjármálagerninga taka breytingum. Flokkunin grundvallast á leiðbeiningum Evrópsku verðbréfaeftirlitsstofnuninni (e. ESMA – áður CESR) um útreikning mælikvarðans. Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta kunna að búa við í rekstri sínum.

Mælikvarðinn, sem er birtur í lykilupplýsingum fyrir sjóðinn, byggir eingöngu á sögulegum sveiflum í ávöxtun. Ávöxtun í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um ávöxtun í framtíð og tekur ekki mið af þeim ýmsu áhættum sem verðbréfasjóðir og sérhæfðir sjóðir fyrir almenna fjárfesta kunna að búa við í rekstri sínum

#### *Áhætta tengd fjármálagerningum*

Margvísleg atriði geta valdið verðlækkun á fjármálagerningum sem sjóðurinn hefur fjárfest í og þar með á gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum, s.s. ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis haft áhrif á gengi hlutdeildarskírteina. Þá má geta svokallaðrar seljanleikaáhættu, þ.e. áhættan á að ekki reynist unnt að selja verðbréf þegar vilji stendur til. Áhættan birtist bæði með þeim hætti að markaðurinn geti ekki tekið við því magni sem til stendur að selja þar sem kaupendur vantar, en einnig er verðmyndun oft með þeim hætti að verulegur munur er á kaup- og sölugengi og því næst ekki sá árangur við sölu sem vænst hafði verið.

#### *Aðrar áhættur tengdar fjárfestingu í sjóðnum*

1. *Markaðsáhætta* vísar til þeirra áhrifa sem hugsanlegar breytingar á gengi fjármálagerninga getur haft á gengi sjóðsins. Fjármálagerningar í eðli sínu sveiflast í verði og getur gengi þeirra bæði hækkað sem og lækkað sem skilar sér í markaðsáhættu fyrir sjóðsfélaga.
2. *Greiðsluáhætta*. Þar sem sjóðurinn mun eiga, kaupa og selja fjármálagerninga af þriðja aðila er sú hætta fyrir hendi að kaupandi greiði ekki fyrir selda gerninga eða að seljandi afhendi ekki gerninga sem sjóðurinn hefur keypt.
3. *Vörslu- og uppgjörsáhætta*. Rekstrarfélag sjóðsins felur vörsluaðili vörslu allra fjármálagerninga sjóðsins. Sú áhætta er fyrir hendi að slíkir fjármálagerningar glatist vegna gjaldþrots vörsluaðila, vanrækslu vörsluaðila, misnotkun hans eða svika. Sú hætta er einnig fyrir hendi að mistök eigi sér stað við uppgjör sjóðsins.
4. *Áhætta höfuðstóls*. Fjármálagerningar í eðli sínu geta sveiflast í verði og höfuðstóll getur því rýrnað yfir skemmri eða lengri tíma vegna sveiflna á þeim fjármálagerningum sem sjóðurinn er fjárfestur í á hverjum tíma. Þá fylgir því ávallt jafnframt áhætta að fjárfesta í hverskonar skuldaviðurkenningum um að lántaki muni ekki geta endurgreitt þá skuld

sem um ræðir hverju sinni. Jafnvel þó tilteknar tryggingar eru settar fram til þess að auka líkur á því að viðkomandi lántaki geti greitt viðkomandi skuld til baka þá er ávallt möguleiki á að svo verði ekki þegar á reynir. Tryggingar kunna að lækka í virði eða af einhverju ástæðum að þær eru ekki til taks þegar á reynir við fullnustu vegna vanefnda lántaka. Getur það leitt til þess að höfuðstóll viðkomandi skuldar verði ekki greiddur til baka að hluta til eða öllu leyti. Sama á við um áfallna vexti eða verðbætur á viðkomandi skuld.

5. *Verðbólguáhætta.* Þar sem sjóðurinn fjárfestir í innlánnum, víxlum, skuldabréfum og öðrum stuttum fjármálagerningum sem geta verið óverðtryggð, er umtalsverð verðbólguáhætta í sjóðnum, sú áhætta skapast af því ef verðbólga til skemmri eða lengri tíma verði hærri en ávöxtun sjóðsins. Þá rýrna eignir sjóðsins og þar með hlutdeildarskírteini sjóðsins að raunvirði.
6. *Ytri ástæður* á borð við stríð, hryðjuverk og stjórnmálalegan óstöðugleika eða annað því tengt geta haft áhrif á gengi fjármálagerninga og telst því áhættuþáttur fyrir sjóðsfélaga.
7. *Mótaðilaáhætta og áhætta tengd innlánnum og öðrum lánveitingum sjóðsins.* Þar sem tiltekinn hluti eigna sjóðsins er ávallt í innlánnum fjármálafyrirtækis, eins eða fleiri, veltur greiðsla innlána á greiðslugetu viðkomandi fjármálafyrirtækis/fjármálafyrirtækja. Sú áhætta er fyrir hendi að viðkomandi fjármálafyrirtæki þar sem sjóðurinn hefur fjárfest í innlánnum geti ekki greitt þau að fullu til baka sem myndi valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinishöfum tjóni með lækkun á virði hlutdeildarskírteina. Sjóðurinn getur fjárfest bæði í óbundnum og bundnum innlánnum (stundum nefnt heildsöluinnlán eða peningamarkaðsinnlán) en meiri áhætta fylgir almennt fjárfestingu í bundnum innlánnum. Þá hefur sjóðurinn heimild til þess að fjárfesta í víxlum, skuldabréfum og öðrum skuldaviðurkenningum með ábyrgð íslenska ríkisins. Í þeim tilvikum geta útgefendur verið aðrir en íslenska ríkið og komi til greiðslufalls þeirra getur sjóðurinn og þá hlutdeildarskírteinishafar orðið fyrir tjóni, t.a.m. á formi tapaðra vaxta þar til ríkisábyrgð eru uppfyllt. Einnig ef íslenska ríkið stendur ekki við skuldbindingar sínar mun það valda sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni. Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er því hætt á að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.
8. *Áhætta tengd endurhverfum viðskiptum.* Sjóðurinn hefur heimild til þess að eiga endurhverf viðskipti við fjármálafyrirtæki. Sú áhætta er fyrir hendi að mótaðili sjóðsins í endurhverfum viðskiptum geti ekki staðið við skuldbindingar sínar og því þurfi sjóðurinn að ganga að undirliggjandi fjármálagerningi (veði) og selja á markaði. Fáist ekki að fullu upp í skuldbindingu mótaðila við sölu undirliggjandi eignar getur það valdið sjóðnum og hlutdeildarskírteinum tjóni til lækkunar á virði hlutdeildarskírteina.
9. *Áhætta tengd notkun afleiðna.* Afleiður sjóðsins geta verið í formi framvirkra samninga, skiptasamninga eða valréttar. Í tilviki framvirkra samninga skuldbindur sjóðurinn sig til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Þannig myndast skuldbinding í sjóðnum vegna þessara framtíðar viðskipta. Verðmæti framvirka samningsins sveiflast svo með breytingu á gengi undirliggjandi eignar og hefur þannig áhrif á innra virði sjóðsins. Sama gildir um skiptasamninga. Mótaðila- og markaðsáhætta felast í framvirkum samningum og skiptasamningum. Í tilviki valréttar kaupir eða selur sjóðurinn rétt til þess að eiga viðskipti með fjármálagerninga á fyrirfram ákveðnu verði og tíma í framtíðinni. Kaupi sjóðurinn valrétt takmarkast áhætta sjóðsins við það verð sem hann greiddi fyrir valréttinn. Selji hann hins vegar valréttinn, fær hann greitt fyrir söluna en skuldbindur sig jafnframt til að eiga viðskipti með undirliggjandi fjármálagerninga skv. skilmálum valréttarins.
10. *Áhætta tengd sjálfbærni.* Sjálfbærniáhætta er skilgreind sem atburður eða ástand á sviði umhverfismála, félagsmála eða stjórnarháttar, sem gæti, ef raungerist, haft raunveruleg

eða hugsanlega veruleg, neikvæð áhrif á virði fjárfestingar sjóðsins. Aftur á móti, getur sjálfbærniáhætta aukið verulega sveiflur í ávöxtun eignasafnsins. Gert er ráð fyrir að útilokanir tiltekinna geira og/eða ákveðna útgefendur frá fjárfestanlegu mengi (e. Investment universe) dragi úr sjálfbærniáhættu eignasafnsins. Hins vegar geta útilokanir aukið samþjöppunaráhættu eignasafnsins sem gæti leitt til aukinna sveiflna og tapsáhættu.

### ***Réttindi eigenda hlutdeildarskírteina***

Þeir sem fá sjóðnum fjármuni fá í hendur kvittun fyrir kaupum á hlutdeildarskírteinum sem staðfestir að lágmarki kaupdag, fjölda eininga og kaupverð. Þeir sem þess óska fá í hendur hlutdeildarskírteini, sbr. 39. gr. laga nr. 116/2021. Á hlutdeildarskírteini verður getið nafns sjóðsins, vörsluaðila, rekstrarfélags, ásamt nafni og kennitölu upphaflegs eiganda skírteinis. Auk þess verða upplýsingar um hvernig hlutdeildarskírteini verða innleyst, hvaða reglur gilda um arðgreiðslur auk nafns og kennitölu framsalshafa, hafi skírteini gengið kaupum og sölum án innlausnar þess. Hlutdeildarskírteini skulu vera dagsett og undirrituð af stjórn rekstrarfélags sjóðsins eða þeim sem hún hefur gefið umboð til þess. Nafnritunin má vera prentuð eða sett fram á annan sambærilegan hátt.

Allir, sem eiga hlutdeild í sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna í hlutfalli við eign sína og eru hlutdeildarskírteinin staðfesting á hlutdeild til verðbréfaeignar sjóðsins. Hlutdeildarskírteinum fylgir ekki atkvæðisréttur.

Stefnir hf. fer með æðsta vald í málefnum sjóðsins og getur stjórn rekstrarfélagsins gert breytingar á reglum hans. Breytingar á reglum sjóðsins öðlast þó ekki gildi fyrr en að fenginni staðfestingu Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna ber eigendum hlutdeildarskírteina um sérhverja breytingu á reglum sjóðsins í samræmi við ákvæði laga nr. 116/2021. Tillaga um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði skal fara eftir reglum sjóðsins.

### ***Kaup og sala hlutdeildarskírteina***

Hlutdeildarskírteini verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs, sbr. 42. gr. laga nr. 116/2021. Sjóðurinn gefur út hlutdeildarskírteini í einingaformi. Lágmarksfjárfesting hluta er 10.000 kr. að söluverði en lágmark í áskrift er 5.000 kr.

Umsóknir um innlausnir, sem berast söluaðila fyrir lokunartíma sjóðsins, á opnunardegi Arion banka hf., ber að afgreiða samdægurs. Umsóknir, sem berast eftir þennan frest, ber að afgreiða á næsta opnunardegi bankans.

### ***Sölugengi***

Arion banki hf. annast skráningu á verðmæti verðbréfa og annarra eigna sjóðsins. Varðandi illseljanlegar eignir, skráðar sem óskráðar, hefur sérstök verðmatsnefnd Stefnis umsjón með verðmati á slíkum eignum undir eftirliti vörsluaðila og endurskoðenda.

Sölubóknun er innifalin í sölugengi. Kaupendur greiða til viðbótar gjald við afgreiðslu og einnig gjald við útgáfu hlutdeildarskírteina ef farið er fram á útgáfu hlutdeildarskírteinis, en hvort tveggja telst vera „skírteinisgjald“.

Gjald vegna útgáfu hlutdeildarskírteina er 5.000 krónur.

Kaup- og sölugengi hlutdeildarskírteina sjóðsins skal reiknað út einu sinni á hverjum opnunardegi. Gengið breytist í samræmi við breytingar á markaðsaðstæðum, enda grundvallast

gengi hlutdeildarskírteina í sjóðnum á verðmæti þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Slíkar breytingar mun Stefnir hf. birta á heimasíðu sinni auk þess sem Arion banki birtir þær á afgreiðslustöðum bankans.

Mat á eignum sjóðsins fer skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Samkvæmt 21. gr. laganna skulu eignir sjóðsins á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi reglugerð á hverjum tíma. Fjármálagerningar sem skráðir eru eða teknir til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi skipulegs verðbréfamarkaðar. Virði annarra fjármálagerna er háð mati rekstraraðila en starfrækt er verðmatsnefnd innan Stefnis hf. Þá er verðmat háð eftirliti vörsluaðila og endurskoðanda.

### **Ársreikningur og hálfársuppgjör**

Endurskoðaður ársreikningur Stefnis hf. skal vera aðgengilegur hlutdeildarskírteinishöfum eigi síðar en fjórum mánuðum eftir lok reikningsárs, sem er frá 1. janúar til 31. desember. Hálfársuppgjör skal ennfremur liggja frammi á heimasíðu Stefnis eigi síðar en tveimur mánuðum eftir lok hvers uppgjors til afhendingar án endurgjalds til hlutdeildarskírteinishafa. Í ársskýrslu og árshlutauppgjörum rekstrarfélagsins skulu sérgreindar upplýsingar um sjóðinn.

### **Skattamál**

Hagnaður af innlausn hlutdeildarskírteina sjóðsins er skattskyldur á Íslandi og fer um skattskyldu hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 og staðgreiðslu samkvæmt lögum nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Arion banki hf., vörsluaðili sjóðsins, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti en hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Um frekari skattlagningu getur verið að ræða.

Varðandi aðila búsetta í öðrum löndum en á Íslandi er athygli vakin á að kanna hvort um sé að ræða skattlagningu umfram þá sem er á Íslandi.

### **Rekstrarkostnaður**

Stefnir á rétt á þóknun fyrir að annast daglegan rekstur sjóðsins sem og Arion banki hf. fyrir að hafa með höndum umsjón með reikningshaldi og vörslu fjármálagerna hans. Þá er afgreiðslugjald við útgáfu þessarar lýsingar 700 kr., en 0 kr. í netbanka og appi vörsluaðila.

Öll gjöld og þóknanir dragast frá tekjum og síðan frá verðmætaaukningu eigna og loks frá eignum sjóðsins.

### **Útvistun verkefna**

Á grundvelli 29. gr. laga nr. 45/2020 um rekstraraðila sérhæfðra sjóða hefur Stefnir gert samninga við Arion banka um útvistun tiltekinna verkefna fyrir félagið. Í samræmi við það annast Arion banki m.a. eftirtalin verkefni, markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavinum, sér um uppgjör viðskipta og viðheldur skrá yfir eigendur hlutdeildarskírteina. Þá annast Arion banki innri endurskoðun á starfsemi Stefni, lögfræðiþjónustu, regluvörslu og rekstur tölvukerfa auk þess að sjá um bókhald og uppgjör sjóða.

Stefnir hf. yfirfer þjónustu útvistunaraðila með reglubundnum hætti, sbr. 4. mgr. 22. gr. laga nr. 116/2021. Samkvæmt 24. gr. laga nr. 116/2021 hefur útvistun á framangreindum lögbundnum verkefnum rekstraraðila engin áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis hf. gagnvart sjóðnum eða fjárfestum. Ekki er hægt að útiloka að upp geti komið hagsmunaárekstrar við störf Arion banka sem vörsluaðila sjóðsins, t.d. hefur verið skilgreind sem möguleg áhætta; áhrif á ákvarðanir, misnotkun á trúnaðarupplýsingum og einhliða ákvarðanir vörslufélags. Stefni hefur verið sett stefna um hagsmunaárekstra og skráir hagsmunaárekstra sem upp kunna að koma á þar til gert yfirlit. Dregið er verulega úr hættu á hagsmunaárekstrum með greiningu hagsmunaárekstra og virku eftirliti. Þjónusta útvistunaraðila er yfirfarin reglulega með endurskoðun útvistunarsamninga. Útvistun Stefnis á verkefnum hefur ekki áhrif á skyldur eða ábyrgð Stefnis gagnvart sjóðnum eða fjárfestum hans. Stefnir getur hvenær sem er slitið útvistunarsamningum þjóni þeir ekki lengur hagsmunum hlutdeildarskírteinishafa að mati Stefnis. Jafnframt er vísað til fyrri umfjöllun hér um hagsmunaárekstra almennt.

**FYLGIGÖGN****Viðauki I: Reglur Stefnis – Sjálfbærar norðurslóðir hs.****Reglur  
Stefnir – Sustainable Arctic Fund hs.****1. gr.****Heiti sjóðsins, rekstrarform, rekstrarfélag og heimild til markaðssetningar**

Nafn verðbréfasjóðsins er Stefnir – Sustainable Arctic Fund hs. (íslenska heiti sjóðsins er Stefnir – Sjálfbærar Norðurslóðir hs.) Kennitala sjóðsins er 510422-9880. Sjóðurinn er verðbréfasjóður og er starfræktur skv. lögum nr. 116/2021 um verðbréfasjóði.

Stefnir hf., kt. 700996-2479, Borgartún 19, 105 Reykjavík er rekstrarfélag sjóðsins í samræmi við lög nr. 116/2021 um verðbréfasjóði. Ekki verður skipt um rekstrarfélag nema með ákvörðun stjórnar Stefnis og með samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands (hér eftir Fjármálaeftirlitið).

Sjóðurinn starfar óskiptur og hefur ekki heimild til markaðssetningar í öðrum ríkjum en á Íslandi. Sjóðurinn starfar í einni deild. Grunnmynt sjóðsins er evrur (EUR).

**2. gr.****Markmið, fjárfestingarheimildir og fjárfestingarstefna sjóðsins.****Markmið**

Markmið sjóðsins er að fjárfesta einkum í skráðum hlutabréfum hlutafélaga sem starfa eða hafa starfsemi á norðurslóðum. Með norðurslóðum er átt við þau lönd sem eru aðilar að Norðurskautsráði (e. Artic Council) en þau eru nú, konungsríkið Danmörk (þ.m.t. Grænland og Færeyjar) Finnland, Noreg, Svíþjóð, Ísland, Bandaríkin, Kanada og Rússlandi.

Markmið sjóðsins er ekki að endurspegla ákveðna vísitölu.

Við fjárfestingar mun Stefnir - Sustainable Arctic Fund taka tillit til umhverfislegra, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (e. Environmental, Social and Governance). Fjárfest er samkvæmt stefnu Stefnis hf. um ábyrgar fjárfestingar.

**Fjárfestingarheimildir**

Fjárfestingarheimildir sjóðsins takmarkast við sundurliðun fjárfestinga skv. neðangreindri töflu og þeim ákvæðum laga nr. 116/2021 sem nefnd eru hér að neðan.

Í samræmi við lög nr. 116/2021 hefur sjóðurinn heimild til að binda fé sitt í afleiðum svo fremi sem þær séu innan þeirra fjárfestingartakmarkana sem um sjóðinn gilda, sbr. einkum 5. og 6. tölul. 2. mgr. 64. gr., 66. gr. og 74. gr. laganna.

Heimilt er að nota afleiður fyrir allt að 25% af eignum sjóðsins til að framfylgja fjárfestingarstefnu sjóðsins með stöðutöku í undirliggjandi fjármálagerningi viðkomandi afleiðu. Einungis eru notaðir framvirkir samningar (e. *forwards*) og framtíðarsamningar (e. *futures*) til stöðutöku í hlutabréfum og hlutabréfavísitölum. Ef verðþróun á markaði er mjög óhagkvæm getur sjóðurinn tapað því sem nemur verðbreytingu samningsins. Ef notast er við afleiður skal sjóðurinn eiga í lausu fé þá upphæð sem hann getur að hámarki tapað vegna afleiðusamningsins, þ.e.a.s. sem samsvarar verðmæti undirliggjandi eignar afleiðusamningsins.

Sjóðnum er óheimilt að binda meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsskjölum útgefnum af sama útgefanda, sbr. a. lið 1. mgr. 67. gr. laga nr. 116/2021. Ef sjóðurinn fjárfestir meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum hans, sbr. 3. mgr. 67. gr. laga nr. 116/2021.

#### Fjárfestingarstefna

#### **Sundurliðun fjárfestingaheimilda Stefnir – Sustainable Arctic Fund hs.**

|                                                                                 |         |
|---------------------------------------------------------------------------------|---------|
| a) Hlutabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum  | 80-100% |
| b) Skuldabréf sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamörkuðum | 0-20%   |
| c) Innlán fjármálafyrirtækja                                                    | 0-10%   |
| d) Erlendir peningamarkaðssjóðir                                                | 0-10%   |
| e) Afleiður vegna stöðutöku                                                     | 0-25%   |
| f) Aðrir fjármálagerningar en getið er í liðum a) - d) hér að framan            | 0-10%   |

#### **3. gr.**

##### **Vörsluaðili sjóðsins.**

Vörsluaðili sjóðsins er Arion banki hf. kt. 581008-0150, Borgartúni 19, 105 Reykjavík. Rekstrarfélagi sjóðsins er óheimilt að skipta um vörsluaðila nema að fengnu samþykki Fjármálaeftirlitsins.

#### **4. gr.**

##### **Þóknunir.**

Þóknun Stefnis hf. fyrir rekstur sjóðsins skal að hámarki nema 2,5% p.a. af meðaltali verðmætis hreinnar eignar sjóðsins meðan hann er starfræktur, en nú nemur þóknunin 1,65%.

Þóknun vörsluaðila fyrir umsjón og vörslu fjármálagerninga sjóðsins er innifalin í þóknun Stefnis hf.

Auk umsýsluþóknunar er innheimt sölupóknun fyrir sölu hlutdeildarskírteina í sjóðnum. Sölu- og innlausnarþóknun er að hámarki samtals 2%. Sölupóknun endurspeglar í mun kaup- og sölugengis á hverjum tíma og í dag er hún 1%. Innlausnargjald er í dag 0%.

Þegar fjárfest er í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu, sem stjórnað er beint eða með umboði Stefnis hf., eða öðru félagi sem Stefnir hf. tengist í gegnum

sameiginlegan rekstur eða stjórnendur, eða með umtalsverðri beinni eða óbeinni eignarhlutdeild, er Stefni hf. ekki heimilt að taka þóknun fyrir áskrift eða innlausn fyrir fjárfestingu í sjóðnum.

Beinn útlagður kostnaður vegna reksturs sjóðsins er ekki innifalinn í þóknun rekstrarfélagsins og sama á við um kostnað vegna Fjármálaeftirlits og annars opinbers eftirlits. Rekstrafélagið áskilur sér jafnframt rétt til að krefjast endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfa, kostnað vegna áskriftar að verðbréfavísitölum ef um það er að ræða, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar (þ.m.t. skjalagerð), kostnaðar vegna póstsendinga, pappírskostnaðar og annars slíks. Gjaldfærður kostnaður vegna framangreindra liða má þó ekki verða hærri en sem nemur 0,10% af verðmæti meðaltals hreinnar eignar sjóðsins á ársgrundvelli.

Leiði sérstakar aðstæður til þess að verja þarf hagsmuni sjóðsins með aðgerðum sem fyrirsjáanlega fara umtalsvert fram úr framangreindu hlutfalli má gjaldfæra kostnað vegna þess hjá sjóðnum, enda leiði mat Stefns til þeirrar niðurstöðu að hagsmunum sjóðfélaga sé best borgið með þeim hætti. Slík gjaldfærsla er háð tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins.

## 5. gr.

### Útgáfa hlutdeildarskírteina og innlausn þeirra.

Allir, sem eiga hlutdeild að sjóðnum, eiga sama rétt til eigna og tekna hans í hlutfalli við eign sína.

Hlutdeildarskírteini verða gefin út af Stefni hf. til þeirra sem fá sjóðnum fjármuni til ávöxtunar og óska eftir því. Hlutdeildarskírteini verða send þeim sem þess óska í ábyrgðarpósti eigi síðar en 30 dögum eftir að kaupin eiga sér stað og söluaðili hefur gefið út kvittun. Hlutdeildarskírteini sjóðsins verða einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Innlausnarverð hlutdeildarskírteina fer eftir þeim lagareglum sem gilda um framkvæmd útreiknings á innlausnarvirði hlutdeildarskírteina verðbréfasjóða hverju sinni. Hlutdeildarskírteini sjóðsins skulu innleyst að kröfu eigenda á því kaupgengi sem gildir í dagslok þann dag sem fyrirmæli um slíkt berast söluaðila sjóðsins, svo lengi sem slík fyrirmæli berast fyrir lokunartíma sjóðsins. Að öðrum kosti skal líta svo á að fyrirmælin hafi borist næsta virka dag. Lokunartími sjóðsins er kl. 14:30 Uppgjör sjóðsins vegna sölu miðast við T+2, þ.e.a.s. uppgjörið á sér stað annan virkan dag.

Heimilt er að fresta innlausn hlutdeildarskírteina, mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess, enda séu skilyrði laga nr. 116/2021 um verðbréfasjóði uppfyllt.

## 6. gr.

### Ráðstöfun arðs og annars hagnaðar.

Sjóðurinn er uppsöfnunarsjóður. Arði og öðrum hagnaði af verðbréfaeign sjóðsins skal bætt við höfuðstól sjóðsins.

**7. gr.****Útreikningur á innlausnarvirði hlutar.**

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina í sjóðinn er markaðsvirði samanlagðra eigna viðkomandi deildar að frádregnum skuldum hennar við innlausn, svo sem skuldum við innlánsstofnanir, ógreiddum umsýslu- og stjórnunarkostnaði, innheimtukostnaði og áföllnum eða reiknuðum opinberum gjöldum, deilt niður á heildarfjölda útgefina og óinnleysta hlutdeildarskírteina. Um útreikning á innlausnarvirði og mat á markaðsvirði eigna fer að öðru leyti skv. gildandi lögum og reglugerðum á hverjum tíma.

**8. gr.****Um slit sjóðsins og samruna við aðra sjóði.**

Ef samanlagt markaðsverðmæti verðbréfa og annarra fjármálagerna sjóðsins fer undir 100.000.000 kr. skal stjórn rekstrarfélags sjóðsins kanna sérstaklega hvort hagstæðara sé fyrir hlutdeildarskírteinishafa að sjóðnum sé slitið. Ákvörðun um slit og sjóðsins skal tekin af stjórn Stefnis. Þá tekur stjórn Stefnis ákvörðun um samruna sjóðsins við aðra sjóði, með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa að leiðarljósi og að uppfylltum skilyrðum X. kafla laga nr. 116/2021, meðal annars að fenginni heimild Fjármálaeftirlitsins. Tilkynna skal slíka tilhögun sérhverjum hlutdeildarskírteinishafa bréfleiðis eða á öðrum varanlegum miðli ásamt upplýsingum um eign þess aðila í sjóðnum.

Tilkynning til hlutdeildarskírteinishafa um samruna skal meðal annars hafa að geyma þær upplýsingar sem 83. og 84. gr. laga nr. 116/2021 kveða á um og send eigi síðar en 30 dögum áður en innlausnarskyldu eða, ef við á, rétti hlutdeildarskírteinishafa til að skipta hlutdeildarskírteinum sínum endurgjaldslaust lýkur.

Innlausnarskyldan og rétturinn til að skipta hlutdeildarskírteinum í hlutdeildarskírteini í öðrum verðbréfasjóði tekur gildi þegar hlutdeildarskírteinishafar hafa fengið fullnægjandi upplýsingar um samrunann og gildir þar til fimm virkum dögum fyrir viðmiðunardag við útreikning á skiptihlutfalli samrunans.

Komi til slita sjóðsins án samruna skal Stefni hf. koma eignum sjóðsins í verð með hagsmuni hlutdeildarskírteinishafa í fyrirrúmi og deila niður hreinum afrakstri af slíkum slitum, að frádregnum öllum kostnaði þeim tengdum, á hlutdeildarskírteinishafa í réttu hlutfalli við fjölda eininga í eigu þeirra. Stefni hf. er heimilt að deila niður eignum sjóðsins í heild eða að hluta til með framsali á verðbréfum til hlutdeildarskírteinishafa (e. in kind), á sanngjarnan hátt. Að þessu loknu skal endurskoðandi staðfesta skiptingu eigna. Afrakstur uppgjors sjóðsins sem enn er ógreiddur eftir lok skiptameðferðar, skal falinn Stefni hf. til vörslu um sex mánaða tíma. Við lok þessa tímabils skulu eignir sem ekki hefur verið gerð krafa til, faldar Arion banka hf. til vörslu, í þágu þeirra er í hlut eiga.

**9. gr.****Sambætting sjálfbærniáhættu í fjárfestingarferli.**

Þessi kafli veitir fjárfestum upplýsingar um sambættingu sjálfbærniáhættu og UFS þátta í fjárfestingarferli samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins (ESB) 2019/2088 um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálaþjónustu („SFDR“). Sjóðurinn eflir umhverfislega og félagslega þætti.

Sjálfbærniáhætta er innifalin í fjárfestingarferli við uppbyggingu og eftirlit eignasafnsins ásamt hefðbundnum fjárhagslegumþáttum, svo sem áhættu- og verðmati. Matið byggir á rýni fjárfestingateymi sjóðsins og óháðs þriðja aðila. Í UFS samþættingunni felast siðferðilegar takmarkanir sjóðsins sem má finna á heimasíðu félagsins (<https://www.stefnir.is/sjalfbaerni/abyrgar-fjarfestingar/adferdafraedi/>) ásamt skoðun á ófjárhagslegum upplýsingum sem varða útgefandann, athugunum á ágreiningsmálum, atkvæðagreiðslur á aðalfundum félaga og öðrum þáttum virks eignarhalds.

Sjóðurinn samþættir sjálfbærniáhættu í fjárfestingarákvarðanir með því að tryggja að sjóðstjórar og greiningaraðilar hafi aðgang að viðeigandi UFS upplýsingum, sem gerir kleift að bera kennsl á sjálfbærniáhættu innan eignasafnsins ásamt því að bera kennsl á, meta og grípa til viðeigandi aðgerða gagnvart útgefendum sem sýna mikla sjálfbærniáhættu.

Viðeigandi UFS þættir geta meðal annars verið útblástur gróðurhúsalofttegunda, ójafnaður launamunur kynjanna, eða öryggi á vinnustað.

Sjóðurinn tekur einnig tillit til helstu neikvæðu áhrifa fjárfestingarákvarðana á sjálfbærniþætti í a-lið 1. mgr. 4. gr. SFDR (PAI). Upplýsingar um umhverfis- og félagsleg einkenni sjóðsins, skuldbindingar til sjálfbærra fjárfestinga og aðferðafræði (10(1). grein SFDR) eru aðgengileg í stefnu um ábyrgar fjárfestingar.

Sjálfbærniáhætta getur aukið verulega sveiflur í ávöxtun eignasafnsins. Gert er ráð fyrir að útilokanir tiltekinna geira og/eða ákveðna útgefendur frá fjárfestanlegu mengi (e. Investment universe) dragi úr sjálfbærniáhættu eignasafnsins. Aftur á móti geta útilokanir aukið samþjöppunaráhættu eignasafnsins sem gæti leitt til aukinna sveiflna og tapsáhættu.

Einnig þurfa 50% af fjárfestingum sjóðsins að vera aðilar að meginreglum Sameinuðu þjóðanna (UN) Global Compact (reglur um að virða mannréttindi, vinnustaðla, umhverfisstaðla og staðla gegn spillingu).

Reykjavík, 9. desember 2021 og 17. nóvember 2023.

**Viðauki II: Yfirlit yfir sjóði**

Yfirlit yfir verðbréfasjóði og sérhæfða sjóði fyrir almenna fjárfesta sem Stefni hf. rekur við útgáfu þessarar útboðslýsingar, nýjustu upplýsingar er ávallt hægt að finna á heimasíðu félagsins:

| Heiti / eignaflokkur                           | Kennitala   | Tegund                                   |
|------------------------------------------------|-------------|------------------------------------------|
| <b>Íslensk skuldabréf</b>                      |             |                                          |
| Stefnir - Ríkisskuldabréf verðtryggð hs.       | 671009-9910 | Verðbréfasjóður                          |
| Stefnir - Ríkisbréfasjóður óverðtryggður hs.   | 630109-9810 | Verðbréfasjóður                          |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður millilangur hs. | 650398-9129 | Verðbréfasjóður                          |
| Stefnir - Ríkisverðbréfasjóður langur hs.      | 490499-9039 | Verðbréfasjóður                          |
| Stefnir – Skuldabréfaval hs.                   | 531213-9980 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Lausafjársgjóður hs.                 | 520412-9640 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Sparifjársgjóður hs.                 | 520617-9810 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Vaxtasjóður hs.                      | 531020-8390 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Sjálfbær skuldabréf hs.              | 581120-9900 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| <b>Blandaðir sjóðir</b>                        |             |                                          |
| Stefnir – Samval hs.                           | 561204-9180 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir - Grænaval hs.                         | 581120-9820 | Verðbréfasjóður                          |
| Eignaval A hs.                                 | 511005-8840 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Eignaval B hs.                                 | 511005-8920 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Eignaval C hs.                                 | 511005-9060 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Eignaval D hs.                                 | 651024-9940 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Eignaval – Hlutabréf hs.                       | 591112-9880 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| <b>Íslensk hlutabréf</b>                       |             |                                          |
| Stefnir – Innlend hlutabréf hs.                | 470206-8450 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Arðgreiðslusjóður hs.                | 581120-9740 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Innlend hlutabréf vogun hs.          | 510422-9960 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| <b>Alþjóðleg hlutabréf</b>                     |             |                                          |
| Stefnir - Scandinavian Fund ESG hs.            | 430407-9880 | Verðbréfasjóður                          |
| Eignaval Erlent hs.                            | 591110-9930 | Sérhæfður sjóður fyrir almenna fjárfesta |
| Stefnir – Sjálfbærar Norðurslóðir hs.          | 510422-9880 | Verðbréfasjóður                          |
| <b>Lokaðir sjóðir</b>                          |             |                                          |
| Stefnir – Kjarabréf hs.                        | 421009-9960 | Verðbréfasjóður                          |

Jón Finnbogason